

ReSound

HEYRIRÐU EKKI LENGUR FUGLANA SYNGJA?



20% fólks á aldrinum 40 til 60 ára eru heyrnarskert á einn eða annan hátt. Ótrúlega margir í þessum hópi vita ekki af heyrnarskerðingunni eða halda að sá vandi, sem þeir verða varir við, stafi af einhverju öðru.

Hafir þú ekki heyrt fuglana syngja undanfarið getur það stafað af heyrnarskerðingu. Þú getur að sjálfsögðu tekið þá afstöðu að af því þurfi ekki að hafa áhyggjur. Óháð því hversu mikil heyrnarskerðingin er mun koma í ljós að lífsgæði þín batna verulega ef þú gerir eitthvað strax við því.

Upplýsingar í þessum litla bæklingi geta hjálpað þér að finna hvort um heyrnarskerðingu sé að ræða og hvað sé til ráða ef hún kemur í ljós.

HVAÐ GERIRÐU ÞEGAR HLJÓÐIN HVERFA?



HVAÐA AFLEIÐINGAR HEFUR HEYRNAR- SKERÐING?



Heyrnarskerðing hefur margs konar vanda í för með sér: Þú heyrir ekki í dyrabjöllunni, missir af mikilvægum upplýsingum á fundum, tapar þræði í samræðum o.fl. Það getur þýtt að mörg hljóð hafa horfið - þytur í laufi, fuglasöngur, barnshjal - hljóð sem gefa lífinu gildi.

Helen Keller* sagði: „Við að missa sjónina tapast samband við hluti en við að missa heyrnina missir maður samband við fólk.“

En hjálpin er ekki langt undan. Á örfáum árum hafa heyrnartæki þróast og batnað mjög mikið. Nútímaheyrnartæki búa yfir fjölmörgum eiginleikum sem gera þér kleift að greina betur talmál.

*Helen Adams Keller (1880-1968), bandarískur rithöfundur og fyrirlesari, var bæði heyrnarlaus og blind frá því hún var eins árs gömul. Þrátt fyrir það lærði hún bæði að tala og skrifa.

MERKI UM HEYRNARSKERÐINGU

Hvernig finnurðu hvort þú eigir við heyrnarskerðingu að etja?
Svör þín við eftirfarandi spurningum geta gefið vísbendingu:

1. Áttu erfitt með að heyra sömu hljóð og aðrir heyra svo sem fuglasöng?
2. Hváirðu oft?
3. Hækkarðu oft það mikið í sjónvarpi eða útvarpi að öðrum finnist það óþægilegt?
4. Finnst þér aðrir muldra?
5. Hefurðu són í eyrunum?
6. Biðurðu aðra stundum að segja þér hvað sagt var á fundum sem þú varst á?
7. Áttu erfitt með að skilja þegar þú talar í síma?
8. Ef kliður er áttu þá erfitt með að ná því sem er sagt?
9. Hefurðu verið að staðaldri í miklum hávaða og þá sérstaklega í vinnunni?
10. Heyrirðu varla þegar dyrabjallan eða síminn hringja?
11. Finnst þér auðveldara að skilja raddir karla en kvenna?

Hafirðu svarað játandi
einhverjum af þessum
spurningum þá getur ástæða
þess verið heyrnarskerðing.
Til að fá úr því skorið mælum
við með því að þú farir í
greiningu hjá heyrnarfræðingi
eða háls-, nef- og eyrnalækni.



HVERS VEGNA HRAKAR HEYRNINNI ?

Heyrnarskerðing er af nokkrum gerðum en henni er oftast skipt í tvo flokka: leiðni- og skynheyrnarskerðingu (leiðslutap og skyntaugatap).

Pegar um er að ræða leiðniskerðingu þá ná hljóðbylgjur ekki að berast inn í innra eyrað. Vandinn stafar af meini í hlust eða miðeyra þar sem þrjú smábein leiða hljóðið inn í innra eyrað. Tappi af eyrnamergr, gat á hljóðhimnu, bólga í miðeyra, brotin beinakeðja í miðeyra eða galli í gerð beina miðeyrans geta valdið leiðniheyrnarskerðingu. Oftast má ráða bót á leiðniheyrnarskerðingu með lyfjum eða skurðaðgerð.

Í 90% tilvika er um skynheyrnarskerðingu að ræða. Orsakir hennar eru oftast þær að hin örftnu skynhár í innra eyranu hafa annaðhvort brotnað eða skaddast. Skynhárin nema hljóðbylgjur og breyta þeim í rafboð sem berast til heilans um heyrnartaugina en heilinn túlkar rafboðin sem hljóð. Skynheyrnarskerðing er oftast tengd öldrun en getur einnig stafað af hávaðaálagi, höfuðáverkum, sýkingum, aukaverkun lyfja eða verið arfgeng. Hvorki er unnt að lækna skynheyrnarskerðingu með lyfjum né læknisáðgerðum.

Sumir geta verið bæði skyn- og leiðniheyrnarskertir en slík flokkast sem blönduð heyrnarskerðing.

HVAÐ ER TIL RÁÐA VIÐ

SKYNNHEYRNARSKERÐINGU?

Menn geta heyrt þrátt fyrir skynheyrnarskerðingu en þeir heyra ekki allt hljóðrófið. Oft dofna eða hverfa veikir hátíðni-tónar svo sem fuglasöngur. Skerðing á hátíðnihljóðum talmáls svo sem „s“ rýrir talskilning. Og ekki bætir það úr skák að hávæx hljóð, t.d. frá viðmælanda sem hrópar, hljóma jafnhávæx í eyrum þess heyrnarskerta og þess sem hefur fulla heyrn.

Sem betur fer geta heyrnartæki í flestum tilvikum hjálpað heyrnarskertum og gera þeim kleift að heyra hljóð sem annars væru þeim glötuð. Það leiðir einnig til þess að sú þrúgandi einangrun, sem oft er afleiðing heyrnarskerðingar, hverfur.

Rannsóknir sýna að fullorðnir, sem nota heyrnartæki, njóta lífsins á margan hátt betur, sjálfsmat þeirra vex og þeir eiga auðveldar með að umgangast annað fólk.



> MIKIL FRAMFÖR HEFUR ORÐIÐ Í GERÐ HEYRNARTÆKJA

Nútímaheyrnartæki, sem eru afar fullkomin, geta verið smágerð og lítið áberandi. Þökk sé stafrænni tækni en með henni má sníða virkni þeirra fullkomlega að þörfum notandans. Sum heyrnartæki eru meira að segja það fyrirferðarlítill að þau hverfa á bak við eyra eða inn í hlust.



HVAR MÁ LEITA SÉR AÐSTOÐAR?

Fyrsta skrefið er að fara í greiningu hjá heyrnarfræðingi eða háls-, nef- og eyrnalækni.

Ef í ljós kemur leiðniheyrnarskerðing má trúlega lækna hana með lyfjum eða aðgerð en í boði eru heyrnartæki til að bæta úr skynheyrnarskerðingu.

Bætt lífsgæði geta verið á næstu
grösum. Og með því að leita
hjálpur gefurðu þér, fjölskyldu
þinni og starfsfélögum veglega
gjöf þegar þeim finnst ekki
lengur erfitt að tala við þig.

LEITAÐU
AÐSTOÐAR
STRAX
!

Heyrn ehf

Hlíðasmára 11

201 Kópavogur

Sími: 534 9600

Netfang: heyirn@heyirn.is

www.heyirn.is